

BORGARRÁÐ 11. janúar 2018: Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að einkareknir skólar njóti sömu vetrarþjónustu og borgarreknir skólar - R18010180

Lagt er til að sjálfstætt reknir grunnskólar og leikskólar fái sömu þjónustu hjá Reykjavíkurborg og borgarreknir skólar vegna snjóruðnings og hálkueyðingar.

Reykjavík, 29. janúar 2018.

Til: Borgarráðs.

Efni: Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um vetrarþjónustu við einkarekna skóla.

Vísað er til tillögu frá borgarfulltrúum Sjálfstæðisflokksins dagsett 16. janúar sl. (mál R18010180). Tillagan er eftirfarandi: „*Lagt er til að sjálfstætt reknir grunnskólar og leikskólar fái sömu þjónustu hjá Reykjavíkurborg og borgarreknir skólar vegna snjórúðnings og hálkueyðingar.*“ Óskað er eftir umsögn umhverfis- og skipulagssviðs um málið. Vetrarþjónusta er hjá skrifstofu reksturs og umhirðu borgarlandsins (SRU).

Öll vetrarþjónusta sem unnin er af Reykjavíkurborg, eða greidd af henni til verktaka, er unnin á borgarlandinu eða fyrir stofnanir borgarinnar. Ætlast er til að fyrirtæki í einkarekstri kaupi þjónustu af viðeigandi fyrirtækjum t.d. varðandi vetrarþjónustu. Ef borgaryfirvöld kjósa að sinna þjónustu við einkaaðila gæti það haft fordæmisgildi og því ber að gjalda varhug við slíkum ákvörðunum.

Öll vetrarþjónusta í Reykjavík miðar að því að þjónusta borgarlandið og valdar stofnanir borgarinnar eftir fyrirfram ákveðnu kerfi sem hefur verið lýst í umsögn um mál R17120167 um vetrarþjónustu í austurhluta Reykjavíkur, dagsetta 11. janúar sl. Ef ofnagreind tillaga verður framfylgt mun það þýða aukinn kostnað vegna vetrarþjónustu. Neðangreind umsögn umhverfis- og skipulagssviðs mun því taka mið af því að kostnaðargreina vetrarþjónustu við sjálfstætt starfandi leik- og grunnskóla þannig að fyrir liggja hver mögulegur kostnaður verði við verkefnið ef til þess skildi koma. Vetrarþjónusta leik- og grunnskóla er verkefni hverfastöðva SRU.

Í töflu 1 kemur fram fjöldi sjálfstætt starfandi leik- og grunnskóla í Reykjavík. Samtals eru 6 sjálfstætt starfandi grunnskólar og 17 sjálfstætt starfandi leikskólar.

Tafla 1. Fjöldi sjálfstætt starfandi leik- og grunnskóla.

Fjöldi einkarekinna grunnskóla	6
Fjöldi einkarekinna leikskóla	17
Fjöldi stofnana alls	23

Til að meta kostnað við ofangreint verkefni er réttast að miða við kostnað við núverandi leik- og grunnskóla enda um sambærilega starfsemi að ræða hvað varðar umfang og eðli. Kostnaður við vetrarþjónustu leik- og grunnskóla borgarinnar síðustu 3 ár er tekinn saman í töflu 2. Í töflunni er tekinn saman kostnaður bæði við eigin vinnu starfsmanna borgarinnar og greiðslur til verktaka sem sinna þessu verkefni.

Í töflunni kemur fram að meðaltals árlegur kostnaður vegna vetrarþjónustu við hvern leik- og grunnskóla borgarinnar er um 860 þús. kr. Ef þessar tölur eru notaðar sem viðmið við mögulegan kostnað við hvern sjálfstætt starfandi leik- og grunnskóla kemur í ljós að mögulegur heildarkostnaður við vetrarþjónustu þessarar starfsemi er um 19,8 mkr. á ári.

Nánari greining kemur fram í töflu 3 en notast er við margfeldi af fjölda skóla og meðalkostnaði vegna skóla á vegum borgarinnar.

Tafla 2. Kostnaður við vetrarþjónustu leik- og grunnskóla.

Verkefni	2015	2016	2017	Meðaltal sl 3 ár	Kostnaður per ár
Snjóhr. göngul.					
Eigin vinna	45.209.464	27.210.445	21.903.397	31.441.102	320.828
Verktakar	18.419.424	13.992.611	10.866.238	14.426.091	147.205
	63.628.888	41.203.056	32.769.635	45.867.193	468.033
Stofnanal. hálkueyðing					
Eigin vinna	25.341.199	15.652.489	12.667.522	17.887.070	182.521
Verktakar	28.266.525	18.441.100	15.192.207	20.633.277	210.544
	53.607.724	34.093.589	27.859.729	38.520.348	393.065
Meðaltalskostnaður					861.097

Tafla 3. Áætlaður heildarkostnaður vetrarþjónustu einkaskóla í Reykjavík.

Áætlaður heildarkostnaður á ári vegna einkarekinna leik- og grunnskóla	
Snjóhreinsun gönguleiða	
Eigin vinna	7.379.034
Verktakar	3.385.715
	10.764.749
Stofnanalóðir, hálkueyðing	
Eigin vinna	4.197.986
Verktakar	4.842.504
	9.040.490
Heildarkostnaður	19.805.239

Eins og sést í kostnaðarmatinu er vetrarþjónusta skóla á vegum Reykjavíkurborgar unnin bæði af starfsfólki hverfastöðva og í verktöku. Hér er því um að ræða ákveðna verkaskiptingu. Ef þessu verklagi yrði beitt á þetta verkefni þyrfti að bæta við 1,5 stöðugildi í starfsmannahópin byggð á þeirri forsendu að hluti eigin vinnu er um 11,6 mkr. Miðað við ofangreindar áætlanir mun verktakakostnaður því verða um 8,2 mkr. Taka skal skýrt fram að hér er verið að meta áætlanir og geta verið skekkjur í þeim enda ekki búið að magntaka verkefnið. Hér er ekki tekin afstaða til þess hvort verkefnið yrði boðið út eða unnið með núverandi verklagi eigin vinnu og verktaka. Það yrði að skoða sérstaklega.

Hjalti J. Guðmundsson
Skrifstofustjóri reksturs og umhirðu borgarlandsins.



Umsögn

Efni: Tillaga um vetrarþjónustu við einkarekna skóla
Viðtakandi: Borgarráð
Sendandi: Fjármálastjóri

Fyrir liggur tillaga frá borgarfulltrúum Sjálfstæðisflokksins dagsett 16. janúar sl. R18010180). Tillagan er eftirfarandi:

Lagt er til að sjálfstætt reknir grunnskólar og leikskólar fái sömu þjónustu hjá Reykjavíkurborg og borgarreknir skólar vegna snjóruðnings og hálkueyðingar.

Óskað er eftir umsögn fjármálaskrifstofu um málið.

Öll vetrarþjónusta Reykjavíkurborgar, hvort sem hún er unnin er af Reykjavíkurborg eða keypt af verktökum, er vegna vinnu fyrir Reykjavíkurborg á borgarlandinu eða fyrir stofnanir borgarinnar. Gengið er út frá því að fyrirtæki í einkarekstri kaupi vetrarþjónustu af viðeigandi fyrirtækjum sem eru á samkeppnismarkaði. Fjallað er um meginreglur sem þar gilda í samkeppnislögum nr. 44/2005 með síðari breytingum. Ljóst er að opinberum aðilum er ekki heimilt með athöfnum sínum að hafa skaðleg áhrif á samkeppni á markaði nema þar sem sérlög hafa að geyma sérstakar reglur eða skyldu til slíkra athafna.

Reykjavíkurborg er heimilt að lögum að gera samninga við einkarekna skóla um þjónustu þeirra vegna reykískra barna og unglunga enda uppfylli bæði skólarnir og þjónustusamningarnir ákveðin skilyrði.

Reykjavíkurborg er hins vegar ekki heimilt að veita þessum fyrirtækjum sérstaka þjónustu sem getur talist samkeppnishamlandi á markaði, sbr. b liður 16. gr. laga nr. 44/2005.

Birgir Björn Sigurjónsson,
fjármálastjóri